



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

6. árgangur 1. tbl.

Janúar 2009

Þorrablót Gnúpverja 2009

verður haldið í Árnesi á Bóndadaginn þann 23. janúar nk.

Húsið opnar kl. 19:45 og borðhald hefst kl. 20:30

Hljómsveitin Í sjöunda himni leikur fyrir dansi.

Miða þarf að panta fyrir 18. janúar, kostar hver kr. 4800 og óskast þeir sóttir í síðasta lagi 20. janúar

Við pöntunum taka:

Bente í Birkikinn s. 892 0626

Jenný í Skarði s. 898 9169

Bryndís í Hamragerði s. 869 1112

Með kveðju frá Þorrablótsnefndinni.

NB. Barinn verður opinn þetta kvöld.

Næsta Fréttabréf kemur út **mánudaginn 16. febrúar**

Skilafrestur efnis er til laugardagsins 10. febrúar.

Umsjón með fréttabréfinu hefur Helga Kolbeinsdóttir - helga@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður er Sigurður Jónsson sveitarstjóri

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er opin mánudaga-fimmtudaga frá kl. 9-12 og 13-15. Sími 486-6014 Fax 486-6091 www.skeidgnup.is



Sú nýbreytni hófst í haust að nemendum stóð til boða að taka þátt í tómstundastarfi eftir skóla á mánudögum. Þetta tókst einstaklega vel og var vel sótt. Nú eins og í haust verður boðið upp á tómstundastarf í Þjósárskóla eftir kennslu á mánudögum. Nú verður reynt að hafa fjöldahámark á hópunum svo starfið nýtist öllum betur. Tómstundastarfið hefst 19. janúar og mun standa fram að páskum. Það sem verður líklega í boði á vorönninni er:

Hestamennska fyrir 6.-7. bekk, hámark 12 í hóp. Námskeiðið er í samvinnu við Hestamannafélagið Smára en kennari námskeiðsins er Rosemary.

Leiklist fyrir 5.-7. bekk sem Halla í Ásum mun kenna og verður skipt í hópa svo það verði ekki of margir í hverjum hóp.

Skák verður í framhaldi af haustnámskeiðinu og fyrir alla þá sem vilja læra meira. Námskeiðinu lýkur svo með skákmóti. Úlfhéðinn kennir skákina eins og áður.

Leðurvinna fyrir 1.-4. bekk, hámark í hóp er ca. 10 og Bolette mun kenna það. Enn vantar okkur eitt námskeið fyrir yngri hópinn sem verið er að vinna í þessa dagana og á helst að tengjast hreyfingu á einhvern hátt.

Nemendur hafa val um það hvort þeir taka þátt í tómstundastarfinu sem er að fullu niðurgreitt af sveitarfélaginu. Foreldrar þurfa eingöngu að sækja nemendur, annað hvort í Þjósárskóla eða í Brautarholt. Nemendur í Hestamennsku verða þó í einhver skipti á öðrum stöðum í verklegri þjálfun og þá þurfa foreldrar að sækja þau þangað.

Gleðilegt nýtt ár.

Ingibjörg María,

skólastjóri Þjósárskóla

Kæru lesendur.

Að þessu sinni er fréttabréfið með einfaldasta móti en það helgast af því að Helga Kolbeinsdóttir er í veikindaleyfi og undirritaður sá um uppsetninguna. Að öllum líkindum verður febrúarbréfið mun skrautlegra.

Loftur Erlingsson

43. fundur var haldinn í hreppsnefnd Skeiða-og Gnúpverjahrepps þriðjudaginn 16.des. 2008 kl. 10:30 í Árnosi.

Mættir voru: Gunnar Örn Marteinnsson, oddviti, Ingvar Hjálmarsson, Jón Vilmundarson, Tryggvi Steinarsson, Björgvin Skafti Bjarnason. Einnig sat fundinn Sig. Jónsson, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og athugaði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun fundarins, svo reyndist ekki vera.

1. Að beiðni Náttúruverndarsamtaka Suðurlands og Sól á Suðurlandi mæta fulltrúar þeirra á fundinn. Umræðuefni: Fyrirhugaðar virkjanir í Þjórsá og samstarfsverkefnið „Þjórsársveitir, uppspretta orkunnar.“ Á fundinn mættu: Guðfinnur Jakobsson, Hrafnhildur Ágústsdóttir, Sigþrúður Jónsdóttir og Halldóra Gunnarsdóttir. Skipst var á skoðunum um hugsanlega atvinnuuppbyggingu hér á svæðinu. Fulltrúar samtakanna ítrekuðu andstöðu sína við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmda í neðri hluta Þjórsár og töldu að margir möguleikar væri fyrir hendi á atvinnuuppbyggingu án frekari virkjana.
2. Staðfesting fá Skipulagsfulltrúa á að breyting á aðalskipulagi hefur verið afgreidd með jákvæðum hætti. Beiðir er lokastaðfestingar umhverfisráðherra. Lagt fram.
3. Fundargerð oddvitanefndar frá 25.11.08 ásamt samþ. fyrir „Embætti skipulags og byggingarmála í uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepp.“ Kosning eins aðalmanns og eins til vara í stjórn Skipulags-og byggingafulltrúaembætti. Sveitarstjórn samþ. fundargerðina og einnig samþ. fyrir embætti skipulags-og byggingafulltrúa, en bendir á að skilgreina þurfi betur verkaskiptingu stjórnar og að í 9.og 12 grein verði 4/5 í stað 2/3 hvað varðar atkvæðagreiðslu. Samþ. með 4 atkvæðum. Skafti óskar bókað: Tel eðlilegt að afgreiðslu hefði verði frestað þar til búíð er að fara yfir greina 5.7.9.og 12. Tek undir athugasemdir annarra hreppsnefndarmanna varðandi greinar 9.og 12. Bendi jafnframt á 7.grein að allir sveitarstjórnarmenn ættu að hafa atkvæðisrétt á aðalfundi og aukafundum. Sveitarstjórn samþ. að Gunnar Örn Marteinnsson verði aðalmaður í stjórn og varamaður verði Jón Vilmundarson.
4. Bréf frá Veraldarvinum, varðandi verkefni fyrir sjálfboðaliða. Lagt fram.
5. Bréf frá Greenstone varðandi ráðstefnu í Kaliforníu, Netþjónabú. Fram kemur að kostir Skeiða-og Gnúpverjahrepps hafi verið kynntir og mæltist það vel fyrir. Lagt fram.

6. Bréf frá KPMG varðandi endurskoðun þ.e. lýsingu á því sem þjónusrta KPMG felur í sér og skilgreiningu á ábyrgð KPMG annars vegar og stjórnenda Skeiða-og Gnúpverjahrepps hins vegar.Lagt fram.
7. Bréf frá Sýslumanninum á Selfossi,þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Pizzavagnsins til reksturs veitingaverslunar.Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd.
8. Bréf frá ÍSÍ. Viðburðir á vegum almenningsíþróttasviðs.Lagt fram.
9. Styrktarbeiðni frá Stígamótum vegna ársins 2009.Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.
10. Auka aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 19.des.2008.Lagt fram.
11. Bréf frá Yrkjúsjóði.Kynning á stari sjóðsins ásamt óskum og ábendingum.Samþ. að senda bréfið til leikskóla og grunnskóla.
12. Ósk um tímabundna leigu á húsnæði sveitarfélagsins að Bugðugerði 5A.Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu en samþykkir að auglýsa íbúðina til sölu þ.e. að óska eftir tilboðum í íbúðina.
13. Bréf frá Árdísi Jónsdóttur þar sem hún afþakkar boð á jólahlaðborð starfsmanna en óskar eftir að andvirði máltíðanna renni til Vina Skaftholtsréttta.Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.
14. Fráveita í Árnesi. Verkfundargerð nr.10.Lagt fram.
15. Fundargerð vegna vatnsveitumála í Rangárþingi ytra,Ásahreppi,Flóahreppi og Skeiða-og Gnúpverjahreppi frá 8.12.08.Lagt fram.
16. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu frá 3.12.08.Varðandi 4.lið fundargerðarinnar,Skipting framlaga vegna rekstrar B.Á.Í dag er skiptingin 25% af mannfjölda og 75% af brunabótamati í hverju svitarfélagi.Sveitarstjórn leggur til að skipting verði 50% af mannfjölda og 50 % af brunabótamati. Ennfremur samþ. sveitarstjórn að óska eftir að fullstrúi sveitarfélagsins,Ólafur Leifsson,mæti á næsta fund sveitarstjórnar til að ræða málefni B.Á.Sveitasrtjórn samþ. fyrir sitt leyti að stofnað verði EHF utanum starfsemi Slökkvitækjaþjónustu og að greiða sinn hluta af 500 þús. kr.hlutafé.

19. Fundargerð Skólanefndar frá 15.12.08 lögð fram.Varðandi fjárhagsbeiðni

17. Bréf frá Bláskógabyggð. Fjárhagsáætlun 2009 vegna Ferðamálafulltrúa.
18. Fundargerð stjórnar SASS frá 19.11.08 ásamt ályktunum frá aðalfundi SASS.
19. Fundargerð Skólanefndar frá 15.12.08 lögð fram. Varðandi fjárhagsbeiðni um 500 þús. aukningu á framlagi vegna tómsbundastarf samþ. sveitarstjórn beiðnina og því vísað til síðari umræðu fjárhagsáætlunar 2009. Fundargerðin samþykkt.
20. Fundargerð Veitustjórnar frá 10.12.08. Einnig voru lagðar fram fundargerðir frá 4.09 og 28.11.07. Samþykkt.
21. Fjárhagsáætlun 2009 lögð fram til fyrri umræðu. Gert ráð fyrir að síðari umræða fari fram 13. jan. 2009. Á fundinn mætti Björgvin Guðmundsson frá KPMG og gerði grein fyrir endurskoðari fjárhagsáætlun 2008 og fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2009. Sveitarstjórn samþ. að hækka sorphirðu og sorpeyðingargjöld um 10%. Sveitarstjórn samþ. að soreyðingargjald á sumarþustaði hækki úr kr. 3860 í kr. 5000.-
- Sveitarstjórn samþ. að vísa fjárhagsáætluninni til síðari umræðu.
22. Mál til kynningar
- a) Fyrir lá tilboð frá Verkfræðistofu Suðurlands að ljúka greiðslu á gömlum ógreiddum reikningum frá árinu 2005 að upphæð kr. 1.002.559. Tilboð Verkfræðistofunnar er að greiddar verði kr. 750.000 og engir vextir verði greiddir. Sveitarstjórn samþ. að taka tilboðinu.
- b) Bréf frá Sigrúnu Láru Hauksdóttur f.h Kálfhóls og Ketilhóls vegna markaðsstyrk. Lagt fram og samþ. að taka það til afgreiðslu á næsta reglulega fundi.
- c) Sveitarstjórn samþ. að greiðslur fasteignagjalda verði á eftirfarandi hátt: Greiðslur sem eru 20.000 kr lægri eru með einn gjalddaga 1. mars. Greiðslur sem eru 20.001 kr. 60.000 kr. Greiðast vá þremur gjalddögum 1. mars, 1. maí og 1. júlí. Greiðslur 60.001 kr. Og hærri greiðast á fimm gjalddögum 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember. Eindagi er 30 dögum eftir eindaga.
- d) Styrktarbeiðni frá starfsfólki Þjórskólans vegna Skotlandsferðar (áður á dagskrá 14. nóv. s.l.) Sveitarstjórn samþ. að styrkur að upphæð kr. 14.001 verði tekin af rekstrarfé skólans.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50

Tapað hross.

Við í Steinsholti höfum tapað meri úr högunum hjá okkur og þrátt fyrir talsverða leit og eftirgrennslan höfum við ekki fundið hana ennþá hvorki lífs eða liðna. Hún er rauð glófext frekar smá og þótt ótrúlegt sé miðaða við eigendur ekki neitt glæsihross. Ef þið hafið einhverjar vísbendingar þá vinsamlegast hafið samband við Gunnar eða Kari í síma 4866069 eða 8638270.

Kær kveðja frá Steinsholti.
Gunnar og Kari

Kvenfélag Gnúpverja verður 80 ára á þessu ári og í tilefni af því hefur verið ákveðið að efna til samsætis í Árnesi 25.apríl 2009. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Nánari tilhögun verður auglýst síðar.

Stjórnin.

Opnun sundlauga í Skeiða-og Gnúpverjahreppi

Vetraropnun.

	<u>Skeiðalaug</u>	<u>Neslaug</u>
Mánudaga		17-21
Þriðjudaga	17-21	
Miðvikudaga		17-21
Fimmtudaga	17-21	
Laugardaga	13-17	13-17

Smárafréttir

Ágætu félagar, Gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið á liðnu ári.

Nú líður að því að hægt verði að fara nota reiðhöllina, vonandi í byrjun feb ef allt gengur eins vel og það hefur gert fram að þessu. Það hefur verið unnið frábært starf við byggingu hússins, það er eftir þessu tekið á mörgum stöðum hvernig við höfum staðið að þessu og er það bara gott.

Það hefur verið ákveðið að hafa vinnukvöld í höllinni á mánudagskvöldum, síðan getur komið upp að eitthvað þurfi að vinna oftar en það verður þá ákveðið eftir vinnu hvernig því verður háttað, þá er um að ræða steypuvinnu eða eitthvað annað sérstakt.

Aðlfundur félagsins verður haldinn í Árnasi þann 29 jan kl 20:30.

Ég biðst velvirðingar á að hafa gleymt að setja tímasetningu á dreifibréfið.

Punktamótin verða haldin 21 febrúar, 21 mars og 18 apríl, síðan er ætlunin að vera með einhverjar upppákomur í höllinni t.d verður reiðnámskeið seinnipart feb eða í byrjun mars í samstarfi við Loga en nánar auglýst síðar.

Með kveðju
Guðni Árnason formaður



Auglýsing vegna greiðslu húsaleigubóta árið 2009.

Fjárhæðir húsaleigubóta verða sömu grunnfjárhæðir sem ákveðnar eru í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu.

Umsóknir með fullnægjandi gögnum sem berast í síðasta lagi 16. dag mánaðarins, verða afgreiddar í sama mánuði, en umsóknir sem berast síðar, verða afgreiddar í næsta mánuði á eftir.

Húsaleigubæturnar greiðast mánaðarlega þann 1. hvers mánaðar eða næsta virkan dag þar á eftir vegna næsta mánaðar á undan og verða þær lagðar inn á bankareikning viðkomandi bótaþega.

Skilyrði fyrir rétti til húsaleigubóta eru m.a. að húsaleigusamningur sé gerður á staðfest eyðublað og að hann sé þinglýstur, nema þegar um íbúðir í eigu sveitarfélagsins er að ræða. Húsaleigusamningur má ekki vera til styttri tíma en sex mánaða. Leggja þarf fram staðfest afrit af skattframtali, laun/tekjuseðla síðustu þriggja mánaða og staðfestingu frá skóla um nám ef það á við.

Réttur til húsaleigubóta skapast ekki m.a. ef leigt er hjá nánum ættingja, ef einhver sem býr í sömu íbúð nýtu vaxtabóta eða ef ekki er sérsnyrting og séreldhús í viðkomandi húsnæði. Ath. Þó ákvæði um húsnæði námsmanna og sambýli fatlaðra.

Ýmis önnur skilyrði eru fyrir greiðslu húsaleigubóta, vinsamlegast kynnið ykkur þau frekar hjá starfsmönnum á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fáið afrit af reglugerð um húsaleigubætur.

Úrskurður um rétt til húsaleigubóta gildir aðeins fyrir eitt almanaksár í senn.

Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir 16. janúar 2009.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sigurður Jónsson

Happadrætti S.Í.B.S.

Styrkið gott málefni og fáið ykkur miða. Umboðsmaður Sigrún Fossnesi. Sími 486-6079 og 895-8079 fossnes@uppsveitir.is

Viola Snyrtistofa á Flúðum

Högnastíg 1



Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsböð

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Hef til sölu húðvörur fyrir bæði dömur og herra frá GUINOT og förðunartilbúnaði frá NO NAME
Tímamantanir í síma 566-8342 og 856-1599 (Hlíf)

Menn og málefni.

Lesendur eru vinsamlegast beðnir að senda inn upplýsingar um útskriftir, barneignir og aðra stórviðburði í sínu lífi og sinna nánustu fyrir næsta fréttabréf, en þá stendur m.a. til að gera síðustu haustannarútskrift í Fsu skil.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá Pálmari í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

892-2372- Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2308- Trailer

892-2316- Trailer

Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar

Óskilahross.

Á Brúnavöllum hjá Hermanni er brúnn hestur taminn búinn að vera í óskilum í um mánuð. Ef einhver kannast við gripin eða hefur grun um hvaðan hann gæti verið þá vinsamlegast hafið samband við Hermann í síma 4824340 eða Gunnar Örn í síma 8638270.

TILBOÐ ÓSKAST Í ÍBÚÐ.

Skeiða-og Gnúpverjahreppur óskar eftir tilboðum í íbúð að Bugðugerði 5 A. Nánari upplýsingar um íbúðina gefa Lögmennt Suðurlandi og þangað skal skila tilboðum eigi síðar en 20.janúar 2009.Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Ari Einarsson starfsmaður Áhakldahúss sýnir íbúðina. Sími: 893-4426.

Sveitarstjóri.



VÖNDULL
ehf



FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Skútuvogi 13. sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00,

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán

Snjómokstur.

Eins og áður mun sveitarfélagið stuðla að því að snjómokstur verði framkvæmdur í samræmi við þá samninga sem gerðir eru.

Í samningi er kveðið á að megin markmið sjómoksturs sé að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið akstursleiðir þeirra sem þurfa til vinnu. Ef snjór er það mikill að erfiðlega gengur að opna vegina skal Vegagerðin hafa rétt til að koma með fleiri tæki til að flýta mokstri. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það fenni jafnóðum í för.

Telji fyrirtæki sig þurfa á meiri mokstri að halda verða þau að semja við verktaka og greiða beint til þeirra fyrir þau verk.

Þeir sem þurfa að fá upplýsingar eða þurfa að koma beiðnum um mokstur eru beðnir um að hafa samband við **Ara Einarsson í síma 893 4426.**

Sveitarstjóri

Lestrarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Bókahúsinu Brautarholti

Opnunartímar:

Mánudaga og miðvikudaga

frá 10.00 - 16.00

Þriðjudaga og fimmtudaga

frá 20.00 - 21.30



Viðskiptavinir – vinsamlegast munið að skila bókum
sem fengnar hafa verið að láni.

Fréttatilkynning

Uppsveitadagatalið 2009

Annar árgangur Uppsveitadagatalsins lítur nú dagsins ljós. Fyrri árgangurinn var gefinn út í samstarfi ferðamálafultrúa uppsveita Árnessýslu, Skálholtsstaðar og Skúla Sælands sagnfræðings. Uppsveitadagatalið byggir á ljósmyndum úr fórum uppsveitafólks sem varpa ljósi á menningu og sögu í uppsveitasveitarfélögunum fjórum, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hvert eintak verður númerað til að auka á söfnunargildi útgáfunnar.

Myndirnar í þessu dagatali eru fengnar úr myndasöfnum tvíburabræðranna Sigurgeirs og Sigurðar Sigmundssona. Þeir ólust upp í Syðra–Langholti í Hrunamannahreppi og festu rætur í sveitarfélaginu. Báðir mynduðu þeir atburði og mannlíf í nágrenni sínu auk þess sem Sigurður gerðist atvinnuljósmyndari og fréttaritari fyrir Morgunblaðið. Í dagatalinu má greina sjónarhorn bræðranna á mannlífið í uppsveitunum og sömuleiðis verður ljósmyndasýning er nefnist *Sveitasýn. Sjónarhorn Sigga í Syðra á uppsveitir Árnessýslu* í Skálholtsskóla s.hl. vetrar 2008-2009 sem sýnir myndir Sigurðar enn frekar.

Útgefendur Uppsveitadagatalsins eru Skúli Sæland f.h. Menningarmiðlunar ehf. í samstarfi við Sigurð Sigmundsson og Skálholtsstað. Hrunamannahreppur og Menningarráð Suðurlands veittu stuðning við útgáfu dagatalsins og uppsetningu ljósmyndasýningarinnar og kunna aðstandendur þeim bestu þakkir.

NUDD.

Minni á að ég er að nudda í Brautarholti á þriðjudögum og fimmtudögum, einnig heima í Laxárdal.

Tilvalið að skella sér í sund, gufu eða í heita pottinn í leiðinni.

Nánari upplýsingar í síma 4866081 og 8650329, netfang

laxdal@uppsveitir.is.

Kveðja

Kristín Bjarnadóttir

Svæða-og viðbragðsfræðingur.

Fréttir frá Félagi eldriborgara.

Eins og flestir íbúar í sveitarfélaginu vita hefur Félag eldriborgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fengið til afnota húsnæði í fyrrverandi húsi leikskólans í Brautarholti, en eftir töluverðar breytingar á húsinu hýsir það einnig bókasafn sveitarfélagsins.

Nú í vetur höfum við nýtt þessa aðstöðu til að hittast einu sinni í viku, og á þessum samverufundum hafa konur verið við hannyrðir og föndur, þar sem Emelía í Vorsabæ hefur verið leiðbeinandi, en karlmenn (og konur) spila á spil og sumir hafa gripið í að tefla, en félaginu var gefið manntafl í haust. Einu sinni í mánuði er svo reynt að hafa meira við, - skemmtidagskrá og veislukaffi.

Við förum gjarnan í tvær leikhúsferðir yfir veturinn og eina til tvær skemmtiferðir að sumrinu.


Stjórn sveitarfélagsins hefur sýnt okkur velvilja með því að styrkja okkur fjárhagslega og láta okkur í té húnæðið sem áður var nefnt, og erum við afar þakklát fyrir það.

Félagið er í Landssambandi eldriborgara en í því eru 53 félög vítt og breitt um landið. Aðild að landssambandinu eiga félög fólks sem náð hefur 60 ára aldri og vinna að almennum hagsmunamálum eldriborgara, svo og að tólmstunda-, fræðslu- og menningarmálum. Markmið Landssambands eldriborgara er að byggja upp öflug samtök eftirlaunafólks, sem gæti réttar aldraðra og vinni að hagsmunamálum þeirra gagnvart stjórnvöldum. Félögin starfa sjálfstætt hvert á sínu félagssvæði.

Að lokum vil ég minna á það að allir íbúar hreppsins sem eru orðnir 60 ára eða eldri eru velkomnir í félagið okkar, það væri gott að fá nýja meðlimi til að efla félagsstarfið.

Vilmundur Jónsson

Á bak við eldavélina



Naglasúpa

Þessi naglasúpa miðast við að vera létt í maga, nýta það sem til er í húsinu og vera saðsöm. Ég hef aldrei reynt að setja hana saman í uppskrift, því ég elda hana eftir tilfinningu og hráefni hverju sinni. Kryddin sem ég nota eru frá Pottagöldrum.

Hráefni:

Ýmislegt grænmeti úr ísskápnum, t.d. gulrætur, laukur, paprika, sæt kartafla eða það sem til er. Sjúvarfang úr frystinum ef það er til, t.d. rækjur, skelfisk, ýsa eða annað. Annars nota ég tvo hnefaylli af grænum linsubaunum.

Rjómi eftir smekk

1 tsk. fiskikraft og 1,5 tsk fiskikrydd ef það er notaður fiskur

1 tsk. grænmetiskraft

2-3 hvítlauksrif

1 tsk. basilikum

1,5 tsk. af pastakryddi ef baunir eru notaðar

Salt – góður slatti og pipar eftir smekk.

Tómatpúrra – lítil dós eða niðursodnir hakkaðir tómatar



Framkvæmd:

Grænmetið og hvítlaukur er skorið í bita, mýkt í olú í stórum potti og tómati og kryddi bætt í. Eins miklu vatni hellt yfir eins og súpan á að verða, linsubaunirnar og kraftur (magn fer eftir vatnslítrum) sett út í vatnið og allt látið sjóða í ca 15 mín. Þá er rjómanum bætt í og fiskur látinn út í ef hann er notaður í stað baunanna. Suðan látin koma upp og smakkað til. Borið fram með volgu brauði ef maður vill en annars er súpan ein og sér saðsöm.

Ég skora á Palla á Leiti að koma með næstu uppskrift.

Kær kveðja
Inga Maja



DANS, DANS

Á næstu vikum er ætlunin að halda dansnámskeið þar sem kenndir verða allir almennir dansar s.s. tjútt, jive ofl. Námskeiðið hefst mánudagskvöldið 26. janúar n.k., ef næg þátttaka fæst. Kennt verður í golfskálanum, Efra-Seli. Danskennari er Anna Berglind. Kennt verður 5 mánudagskvöld, 2 klst. í senn.

Skráning fer fram laugardaginn 17. janúar og sunnudaginn 18. janúar hjá Ástu Guðnýju og Halldóri í sínum 486-6690/891-7811/820-7590.

Dans er holl og góð hreyfing fyrir alla! Allir velkomnir.

Hárgreiðsla fyrir Þorrablót!

Býð upp á dömu-, herra- og barnaklippingar, blástur, sléttun og greiðslur á þorrablótisdaginn.

Staðsetning; Hamragerði 2.

Pantanir og upplýsingar um verð í síma 534-1416 og 867-1016 eða í gegnum erlaey@gmail.com.

Sjáumst!

Erla Eypórsdóttir.

Þorrvaka kvenfélags Skeiðahrepps 2009.

Eins og undanfarna áratugi ætlum við að
blóta þorrann á bóndadaginn þann
23 janúar kl 20.30.

Kynnt verður innansveitarskáld
Dagskrá sem enginn má láta fram hjá sér fara !

Miðaverð er 4000 kr.

Miðapantanir verða að vera komnar í hús fyrir
mánudaginn 19 janúar !!!

í síma

864-6101 hjá Jóu á Hlemmiskeiði eða 849-3828 hjá Siggú á
Hlemmiskeiði.

Einnig er hægt að nota netföngin

snaebjornq@uppsveitir.is

Eða

villi@pax.is

Nefndin.